



**Viðauki við grunnlýsingu Fossa fjárfestingarbanka hf., dagsetta 28. apríl 2026, vegna
15.000.000.000 kr. útgáfuramma**

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Grunnlýsing dagsett 28. apríl 2026 útgefin af Fossum fjárfestingarbanka hf. (hér eftir nefnd „grunnlýsingin“ og „Fossar“, „útgefandi“ eða „bankinn“) skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

1. Breyting á framkvæmdastjórn útgefanda

Þann 28. apríl 2026 var tilkynnt opinberlega af hálfu Skaga hf., móðurfélags Fossa, um að Brynjar Þór Hreinsson hafi verið ráðinn forstjóri Fossa og að stjórn Fossa hafi komist að samkomulagi við Steingrím Arnar Finnsson um starfslok.

Af framangreindu leiðir að gera þarf eftirfarandi breytingar á kafla 5.2.7. á bls. 62 í grunnlýsingunni:

Texti sem kemur á eftir millifyrirsögninni „Forstjóri“ fellur brott og skal eftirleiðis vera eftirfarandi:

<i>Nafn</i>	Brynjar Þór Hreinsson
<i>Fæðingardagur</i>	1. júlí 1982
<i>Starfeyrsla</i>	Forstjóri Fossa fjárfestingarbanka hf. frá 2026, fjármálastjóri Skaga, áður VÍS, frá 2023 til 2026, fjárfestingastjóri Stapa lífeyrissjóðs frá 2018 til 2023, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Íslenskum verðbréfum frá 2015 til 2017, forstöðumaður eignastýringar hjá Straumi fjárfestingabanka frá 2012-2014, ásamt fleiru.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Stjórnarmaður í North Holding ehf. og VF Nord ehf. Brynjar situr einnig í framkvæmdastjórn Skaga.
<i>Fjöldi hluta beint/óbeint</i>	193.339 hlutir beint og 550.000 hlutir í gegnum félagið North Holding ehf., sem Brynjar er 50% eigandi að á móti eignarhlut maka, í Skaga. Brynjar á kauprétt að 421.375 hlutum í Skaga auk þess sem hann hefur gert samning um afhendingu 114.719 hluta í Skaga vegna frestunar kaupauka. Brynjar er að auki aðili að almennri kaupréttaráætlun Skaga og dótturfélaga.

2. Skráning stjórnarmanns



Eftirfarandi efnisgrein á bls. 61 í kafla 5.2.6. undir skráningu „Fjöldi hluta beint/óbeint“ fyrir stjórnarmanninn Harald I. Þórðarson skal falla brott:

„424.664 hlutir persónulega og 55.985.315 hlutir í gegnum félagið H3 ehf., sem Haraldur er 100% eigandi að, í Skaga. Haraldur á kauprétt að 148.181 hlutum í Skaga og er að auki aðili að almennri kaupréttaráætlun Skaga og dótturfélaga.“

Í stað brotfallinnar efnisgreinar kemur eftirfarandi efnisgrein:

„424.664 hlutir persónulega og 50.985.315 hlutir í gegnum félagið H3 ehf., sem Haraldur er 50% eigandi að á móti eignarhlut maka, í Skaga. Haraldur á kauprétt að 446.892 hlutum í Skaga auk þess sem hann hefur gert samning um afhendingu 148.181 hluta í Skaga vegna frestunar kaupauka.“

Breyting á fjölda hluta í gegnum félagið H3 ehf. kemur til vegna viðskipta sem tilkynnt var um opinberlega þann 5. maí 2026 og aðrar breytingar á efnisgreininni fela í sér leiðréttingu.

3. Yfirlýsing ábyrgðaraðila viðauka við grunnlýsingu fyrir hönd útgefanda

Forstjóri Fossa fjárfestingarbanka hf., kennitala 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík, lýsir því yfir fyrir hönd Fossa fjárfestingarbanka, sem útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 7. maí 2026
Fyrir hönd Fossa fjárfestingarbanka hf.

Brynjar Þór Hreinsson, e.u.